

III.

Næstu tvö ár frá gildistöku laganna getur menntamálaráðherra veitt heimild til að umsækjandi gangist undir verklegt sveinspróf í lögiltri iðngrein án undangengins skólanáms. Að þeim tíma liðnum er óheimilt að gangast undir slíkt próf án undangengins skólanáms.

Skilyrði fyrir próftöku eru eftirfarandi:

- a. vottorð um að viðkomandi hafi unnið við iðnina í tíu ár undir stjórn meistara,
- b. vottorð iðnmeistara um að hann telji umsækjanda hæfan til að gangast undir sveinspróf,
- c. umsagnir viðkomandi sveinafélags og starfsgreinaráðs.

Standist umsækjandi prófið öðlast hann sveinsbréf sem veitir þó ekki rétt til inngöngu í meistaraskóla.

Gjört í Reykjavík, 11. júní 1996.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Björn Bjarnason.

LÖG

um breyting á lögum nr. 134/1993, um iðnaðarmálagjald.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Til iðnaðar telst öll starfsemi sem fellur undir atvinnugreinanúmer sem upp eru talin í viðauka við lög þessi.

Undanþegin gjaldinu eru fyrirtæki sem að öllu leyti eru í eign opinberra aðila, svo og fyrirtæki sem stofnuð eru samkvæmt sérstökum lögum til að vera eign opinberra aðila að verulegu leyti nema annars sé getið í þeim lögum.

3. gr.

Við löginn bætist nýr viðauki sem verður hluti af lögum þessum og orðast svo:

Viðauki.

Til iðnaðar skv. 1. mgr. 2. gr. skulu teljast eftirtaldar atvinnugreinar samkvæmt Íslenskri atvinnugreinaflokkun, ISAT 95:

- | | |
|---------|--|
| 10 | Kolanám og mívinnsla. |
| 11 | Vinnsla á hráolíu, jarðgasi o.fl. |
| 12 | Nám á úran- og þórínmalmgryti. |
| 13 | Málmnám og málmvinnsla. |
| 14 | Nám og vinnsla annarra hráefna úr jörðu. |
| Úr 15 | <i>Matvæla- og drykkjarvöruiðnaður:</i> |
| 15.20.8 | Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta. |

- 15.3 Vinnsla ávaxta og grænmetis.
- 15.43 Framleiðsla smjörlíkis og svipaðrar feiti til manneldis.
- 15.6 Framleiðsla á kornvöru, mjölva og mjölvavöru.
- 15.7 Fóðurframleiðsla.
- 15.8 Annar matvælaíðnaður.
- 15.9 Drykkjarvöruíðnaður.
- 16 Tóbaksiðnaður.
- 17 Textíliðnaður.
- 18 Fataíðnaður; sútun og litun loðskinna.
- 19 Leðuriðnaður.
- 20 Trjáíðnaður.
- 21 Pappírsiðnaður.
- 22 Útgáfustarfsemi og prentiðnaður. Þó ekki 22.31, fjölföldun hljóðritaðs efnis, og 22.32, fjölföldun myndefnis.
- 23 Framleiðsla á koxi, olíuvörum og kjarnorkuelsneyti.
- 24 Efnaiðnaður.
- 25 Gúmmí- og plastvöruframleiðsla.
- 26 Gler-, leir- og steinefnaiðnaður.
- 27 Framleiðsla málma.
- 28 Málmsmíði og viðgerðir.
- 29 Vélsmíði og vélaviðgerðir.
- 30 Framleiðsla á skrifstofuvélum og tölvum.
- 31 Framleiðsla og viðgerðir annarra ótalinna rafmagnsvéla og tækja.
- 32 Framleiðsla og viðgerðir fjarskiptabúnaðar og tækja.
- 33 Framleiðsla og viðhald á lækningatækjum, mæli- og rannsóknartækjum, úrum o.fl.
- 34 Framleiðsla vélknúinna ökutækja annarra en vélhjóla.
- 35 Framleiðsla annarra farartækja.
- 36 Húsgagnaiðnaður, skartgripasmíði, hljóðfærasmíði, sportvörugerð, leikfangagerð og annar ótalinn iðnaður.
- 37 Endurvinnsla.
- 45 Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð.
- Úr 50 *Sala, viðhald og viðgerðir á bílum o.fl.; bensínstöðvar:*
- 50.2 Bílaviðgerðir og viðhald; hjólbarðaviðgerðir.
- 52.7 Viðgerðir á hlutum til einkanota og heimilisnota.
- 72 Tölvur og tölvuþjónusta.
- Úr 74 *Önnur viðskipti og sérhæfð þjónusta:*
- 74.81 Ljósmyndþjónusta.
- Úr 93 *Önnur persónuleg þjónustustarfsemi:*
- 93.02 Hárgreiðslu- og snyrtistofur.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

*Gjört í Reykjavík, 11. júní 1996.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.